



ALMANNAVARNIR SUÐURNESJA, utan Grindavíkur
Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbær

75. fundur

**Fundur haldinn í Almanna- varnanefnd Suðurnesja utan Grindavíkur, þriðjudaginn
14. október 2025 kl. 12:00 í fundarsal Brunavarna Suðurnesja BS. að Flugvöllum 33,
Reykjanesbæ.**

Mætt voru: Magnús Stefánsson varaformaður (Suðurnesjabær), Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir (Reykjanesbær), Guðrún P. Ólafsdóttir (Sveitarfélagið Vogar), Brynjar Ásmundsson (BS), Arnar Steinn Elísson (framkvæmdastjóri almanna- varnanefndar), Margrét Kristín Pálsdóttir (LSS) og Sveinbjörn Indriðason (Isavia)

Auk þess sátu fundinn Eðvarð Atli Bjarnason (svæðisstjórn sv2), Gunnar Schram (LSS) Guðbergur Reynisson (RKÍ) og Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir (HSS)

Fundargerð ritaði Arnar Steinn Elísson

Varaformaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

- Fjárhagsáætlun Almanna- varnanefndar 2025 til umræðu og samþykktar.**
Lögð fram og samþykkt samhljóða
- Fjárhagsáætlun Almanna- varnanefndar 2026 og rammaáætlun 2027-2029 til umræðu og samþykktar.**
Lögð fram
Umræður:
Lögreglustjóri upplýsir um að samskipti hafi átt sér stað við Dómsmálaráðuneytið um áframhaldandi fjármögnun stöðu almanna- varnafulltrúa fyrir svæðið og hafa ekki fengist svör frá ráðuneytinu um áframhaldið. Eins brýnir lögreglustjóri fyrir nefndinni mikilvægi þess að almanna- varnafulltrúi sé til staðar á svæðinu. Lögreglustjóri fór yfir verkefni sem fram undan eru hjá embættinu og því mikilvægt að til staðar sé fulltrúi til að sinna þeim verkefnum.

Staðgengill bæjarstjóra Reykjanesbæjar leggur áherslu á að mikill vilji er til að halda almanna- varnafulltrúa en að ríkið verði að halda áfram að bera hluta kostnaðar þar sem við erum enn í yfirstandandi atburðum í eldsumbrotum á svæðinu.

Bæjarstjórar Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga taka undir þetta og að ríkið verði að halda áfram að bera straum af þessu og spurning hvort að þetta eigi að vera inni í fjárhagsáætlun.

Ákveðið að fresta ákvörðun um lið varðandi laun almanna- varnafulltrúa og framkvæmdastjóra nefndarinnar og mögulega fari vel að sameina þá liði.

Umræða tekin um liðinn færanlegt varaafli. Sveitarfélögin hafa borið ábyrgð á því að til staðar sé varaafli í sínum bæjum fyrir viðkvæma staði eins og fjöldahjálparstöðvar og var ákveðið að fella þann lið út úr áætluninni.

Ákveðið að taka áætlun til formlegrar afgreiðslu um leið og fyrir liggur hver afstaða ríkisins er til þess að fjármagna stöðu almannavarnafulltrúa, sem verður að vonum mjög fljótlega. Að öðru leyti en varðandi þennan lið og færanlegt varaafli er nefndin sammála um áætlunina eins og hún liggur fyrir.

3. Varnir sunnan Reykjanesbrautar til upplýsinga.

Bæjarstjórar sveitarfélaganna þriggja sendu erindi til dómsmálaráðuneytis um mögulegar varnir sunnan við Reykjanesbraut komi til þess að hraun renni í norður sem ógnar umferðarmannvirkjum og orkumannvirkjum og óskað eftir fundi til að ræða þær varnir. Bæjarstjórnir koma til með að funda með Dómsmálaráðuneyti um málið fyrir lok október.

4. Staða viðbragðsáætlunarvinnu.

Almannavarnarfulltrúi fer yfir vinnu við viðbragðsáætlanir. Stjórnskipulagsáætlun og hópslysaáætlun eru samþykktar og eldgosáætlun er á lokametrum. Eftir það taka við áætlanir um flugslys á Keflavíkurflugvelli og svo áætlun um sjávarflóð og áhlaðanda. Áætlunarvinna gengur vel.

5. Almennar upplýsingar frá almannavarnafulltrúa.

Almannavarnarfulltrúi fer yfir að undirbúningur fyrir næsta eldgos gengur vel. Von er á mögulega 14 atburðinum á Reykjanesi tengt jarðhræringum. Eins var rætt um fjölpáttaógnir.

6. Önnur mál.

Bæjarstjóri Voga fór yfir gerð hættumatskorta VÍ tengt jarðhræringum á Reykjanesi og umræða tekin um þau og uppsetningu þeirra.

Fundi slitið kl. 13:03